

ur eigi samkvæmt 3. gr. laga nr. 9 frá 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., orðið skyldaður til sem vistarhreppur Pjeturs Þorlákssonar að greiða barnsfúlgu þá, sem Pjetri bar að greiða fyrir meðlagsárið 1894—95, og skal hinn áfrýjandi úrskurður yðar því úr gildi felldur að því er þess árs fúlgur snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Arnasonar árið 1896.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1896 B. 2. bls):			
a. innritunarskirteini Ltra A fol. 103	kr.	34000 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	10633 34	
c. ógoldnir vextir	—	2 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	848 59	45483 93
2. Ársvextir:			
a. af innritunarskirteini til $11/6$ og $11/12$ '96	kr.	1190 00	
b. af lánum gegn fasteignarveði til $11/6$ '96	—	419 73	
c. af fje í landsbankanum til $31/12$ '96	—	40 28	1650 01
		Samtals kr.	47133 94

Útgjöld:

1. Liffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, til $11/6$ og $11/12$ '96 kr. 400 00			
2. Sjóður við árslok.			
a. innritunarskirteini Ltra A fol. 103	kr.	34000 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	11975 00	
c. ógoldnir vextir	—	4 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	754 94	46733 94
		Samtals kr.	47133 94

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 8. jan. 1897.

Magnús Stephensen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, er biða tjón af jarðeldum, árið 1896.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1896 B. 2. bls.):			
a. innritunarskirteini Ltra A fol. 102	kr.	30100 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	4000 00	
c. ógreiddir vextir	—	20 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	1189 56	35309 56